

Tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands og Flokks fólksins um skimun fyrir áföllum og tengslaröskunum meðal barna og ungmenna í grunnskólum Reykjavíkur

Lagt er til að kanna möguleikann á skimun fyrir áföllum og tengslaröskunum meðal barna og ungmenna í grunnskólum Reykjavíkur í samstarfi við heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Betri borgar fyrir börn. Óskað er eftir að unnin verði sviðsmyndagreining á hugsanlegu umfangi þjónustunnar, fjöldi barna eftir aldri, þjónustupörf og meðferð sé metinn og kannað hvort til sé vinnu- eða verklag sem fagfólk bæði grunnskóla, heilsugæslu og geðheilbrigði geti horft til eða hvort þarf að finna nýjar aðferðir.